



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13.12.2018
Tilvísun: 201811-0044

Efni: Frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (hækkun starfslokaaldurs). Mál nr. 37.

Markmið frumvarpsins er að gera starfsmönnum ríkisins kleift að vinna eftir 70 ára aldur, kjósi þeir það. ASÍ er hlynnt því að frá hverskonar örökstuddri og ómálefnalegri mismun vegna aldurs verði horfið. Breytingin ef samþykkt verður mun hafa áhrif á kjarasamninga aðildarsamtaka ASÍ og ríkisins og samskonar ákvæði eins og frumvarpinu er ætlað að breyta eru í kjarasamningum aðildarsamtaka ASÍ og sveitarfélaganna. Það er skoðun ASÍ að allar breytingar sem varða starfskjör launafólks hjá hinu opinbera eigi að vinna í samvinnu viðeigandi aðila kjarasamninga.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Magnús M. Norðdahl'.

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.



LEB

Landssamband eldri borgara

Alþingi

Nefndasvið

Austurstræti 8-12

150 Reykjavík

Garði 19.nóvemberb 2018

Efni: Umsögn um Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. [70/1996](#), með síðari breytingum (hækkun starfslokaaldurs).

Þingskjal 37

37.mál

Landssamband eldri borgara gaf umsögn um frumvarpið þegar það var flutt á 148.löggjafarþingi (249.mál)

LEB ítrekar umsögn sína frá 28.mars 2018, þar sem mælt er með samþykkt frumvarpsins.

Með vinsemd og virðingu

Sigurður Jónsson

Varaformaður LEB

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík



Reykjavík, 10. desember 2018

Efni: Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (hækkun starfslokaaldurs) (Mál nr. 37)

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um frumvarpið, sem kveður á um hækkun starfslokaaldurs starfsmanna ríkisins, úr 70 árum í 73 ár. Ráðið skilaði inn umsögn um málið er það lá fyrir síðastliðið vor, og ítrekar því fyrri umsögn ráðsins. Viðskiptaráð styður þessa breytingu en telur rétt að gengið verði lengra og lögbundinn starfslokaaldur starfsmanna ríkisins afnuminn.

Meðalaldur Íslendinga hefur hækkað um fimm ár síðustu 30 ár og meðalævi lengst um sex ár síðastliðin 40 ár. Allar líkur eru á að þessi þróun haldi áfram og spáir Hagstofa Íslands því að hlutfall lífeyrisþega á móti þeim sem eru starfandi muni að óbreyttu tvöfaldast og fara úr um 20% í 40% um miðbik aldarinnar. Það er því þjóðhagslega mikilvægt að veita fólki tækifæri til að starfa lengur, en þar að auki eru sterkar vísbendingar um jákvæð áhrif virkni á efri árum á bæði andlega og líkamlega heilsu. Mikilvægt er því að áframhaldandi atvinnuvirkni og sveigjanleg starfslok standi fólki til boða. Viðskiptaráð er þar að auki mótfallið lögbundnum starfslokaaldri á borð við þann sem nú er í lögunum, nema að færð séu fyrir því sterk rök.

Viðskiptaráð styður frumvarpið en vill ganga lengra þannig að opinberir starfsmenn sem hafa til þess vilja og getu megi starfa eftir að þeir ná sjötugu. Viðskiptaráð kallar í sömu andrá eftir því að breytingar verði gerðar á lögum um opinbera starfsmenn þannig að forstöðumenn ríkisstofnana og aðrir sem mannaforráð hafa í stjórnýslunni eigi auðveldara um vik að segja upp starfsfólki við tilteknar aðstæður.

Viðskiptaráð telur rétt að frumvarpið nái fram að ganga en jafnframt að því verði breytt þannig að lögbundinn starfslokaaldur starfsmanna ríkisins verði afnuminn. Ráðið áskilur sér jafnframt rétt á að koma að frekari gögnum og rökstuðningi og er tilbúið að gera frekari grein fyrir umsögninni og afstöðu ráðsins á nefndarfundi.

Virðingarfyllst,

Gunnar Dofri Ólafsson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands